

Fimmtudaginn 22. maí 1997.

Nr. 352/1996.

Steinprýði ehf.

(Garðar Briem hdl.)

gegn

Bergi ehf.

(Kristján Ólafsson hrl.)

Kaup. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1996 og krefst þess, að stefndi greiði sér 356.434 krónur með nánar tilgreindum dráttarvöxtum frá 7. nóvember 1994 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi krefur í máli þessu stefnda um greiðslu tveggja reikninga, sem nánar er getið í héraðsdómi, samtals að fjárhæð 356.434 krónur.

Í héraðsdómi er komist að þeirri niðurstöðu, að leiðbeiningar áfrýjanda um notkun efnis þess, sem deilt er um í málinu, hafi verið misvísandi. Leiðbeiningar þær, sem hér um ræðir, varða í fyrsta lagi „Elgo-flotspartl á iðnaðargólf“. Þar segir svo um blöndun: „Í hvert kíló af þurrefni þarf u. þ. b. 21% af hreinu vatni. (Í 25 kg þarf um 5,25 ltr.) Best er að nota borvél með þeytispaða. Hrærið efnið í u. þ. b. 1 mínútu til að fá kekkjalausa lögun. Notið aðeins rétt magn af vatni, of mikið vatn veldur því, að lögunin „blæðir“.“ Í öðru lagi eru ódagsettar leiðbeiningar um „Elgo-iðnaðarflot“. Þar segir um vökvapörf: „Við eðlileg skilyrði þarf 5–5,25 ltr. af hreinu vatni í 25 kg af Elgo-iðnaðarfloti (20-21%). Loftslagsskilyrði geta haft smávægileg áhrif á vökvapörfina. Það, sem mest ríður á, er, að hið lagada efni sé mátulega þykkt. Hvað sem öðru líður, verður að hafa sama blöndunarhlutfall við alla framkvæmdina til að afstýra litamun.“ Í enn öðrum leiðbeiningum er ákvæði, sem er samhljóða hinu síðastnefnda að öðru leyti en því, að þar segir, að 5 lítra af

hreinu vatni þurfi í 25 kg af efninu (20%), og í leiðbeiningum merktum „tæknirit nr. 15/07-95“, segir, að 4,75–5 lítra þurfi í 25 kg af efninu eða 19-20%.

Fram er komið í skýrslu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, að meginorsök skemmda í gólfi hússins að Vesturtanga 8-12, Siglufirði, sé sú, að of miklu vatni hafi verið blandað við þurrefni flagnarinnar. Þar segir einnig, að nánast allt vatn umfram 21% valdi aðskilnaði í efninu, yfirborð verði veikara og loftbólur aukist. Stefndi vefengir ekki, að verktakinn Múrtak sf. hafi haft í höndum leiðbeiningar frá áfrýjanda þess efnis, að ekki hafi mátt þynna hið selda efni meira en svo, að vatnsmagn í blöndunni væri um það bil 21%.

Þegar litið er til þess og framangreindrar niðurstöðu rannsóknastofnunarinnar, verður ekki talið, að gallar þeir, sem deilt er um, verði raktir til rangra eða villandi leiðbeininga, er áfrýjandi veitti skriflega. Önnur gögn málsins, þeirra á meðal athugun Iðntækni-stofnunar 12. apríl 1995, þykja ekki veita sönnun fyrir staðhæfingum um, að annmörkum á söluvöru áfrýjanda eða háttsemi hans verði kennt um, hvernig til tókst, þegar varan var notuð við umrætt verk.

Stefndi fékk Múrtak sf. til að taka að sér umrætt verk eftir ábendingu áfrýjanda, en hann tók engan þátt í verkinu. Er ljóst, að áfrýjandi ber ekki bótaábyrgð á því, sem kann að hafa farið úrskeiðis hjá verktakanum, þegar hann vann verkið. Samkvæmt þessu verður ekki fallist á skuldajafnaðarkröfu stefnda. Verða dómkröfur áfrýjanda því teknar til greina, en um þær er ekki tölulegur ágreiningur.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Berg ehf., greiði áfrýjanda, Steinprýði ehf., 356.434 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 75.855 krónum frá 7. nóvember 1994 til 24. mars 1995, en af 356.434 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. júní 1996.

Mál þetta var dómtekið 22. maí sl. að lokinni aðalmeðferð þess.

Stefnandi er Steinprýði hf., kt. 630672-0669, Stangarhyl 7, Reykjavík.

Stefndi er Berg hf., kt. 440169-5709, Norðurgötu 16, Siglufirði.

Dómröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 356.434 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 75.855 kr. frá 7. nóvember 1994 til 24. mars 1995, en þá af 356.434 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Dómröfur stefnda eru þær, að skaðabótakrafa stefnda verði tekin til greina til skuldajafnaðar kröfu stefnanda. Þá er þess krafist, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Reyndar voru sættir með aðilum, en án árangurs.

I.*Málsatvik.*

Stefnandi gerði stefnda tvo reikninga vegna úttekta stefnda á vörum og þjónustu hjá stefnanda. Fyrri reikningur er dagsettur 7. október 1994 með gjalddaga 7. nóvember sama ár, að fjárhæð 75.855 kr., en síðari reikningur er dagsettur 24. febrúar 1995 með gjalddaga 24. mars sama ár, að fjárhæð 280.579 kr.

Stefndi gerðist verktaki við byggingu húss fyrir Rarik á Siglufirði í ársbyrjun 1994. Samkvæmt útboðsgögnum og verklýsingu Rarik var gerð krafa um, að á gólf yrði notað svokallað Elgo-flotspartl frá stefnanda eða annað samsvarandi efni í litavali verkkaupa. Stefndi sneri sér til stefnanda um kaup á efni þessu. Vegna kröfu verkkaupa um litaval var óskað eftir íblöndun litarefna, og var hún gerð af framleiðanda, og voru engir fyrirvarar gerðir af hans hálfu um, að vandkvæði gætu hlotist af lituninni. Stefnandi benti stefnda á afbrigði af svokölluðu Elgo-flotspartli á iðnaðargólf. Á þeim tíma var framleiðslan svo ný, að ekki höfðu verið gefnar út tæknilýsingar, og var því aðallega stuðst við munnlegar upplýsingar forráðamanna stefnanda um þol og meðferð efnisins. Umbeðinn benti stefnandi á Múrtak sf. í Njarðvík sem þann aðila, er mesta reynslu hefði af vinnu við efnið.

Útlagning efnisins mistókst. Efnið var lagt alls þrisvar á gólf, og áður en það var lagt í síðasta skipti, var fyrri efnið brotið upp eða fræst. Til þessa verks voru fengnar vélar frá stefnanda.

Stefndi lýsti kröfu í þrotabú eigenda Múrtaks sf., þeirra Sigurvins Ægis Sigurvinssonar og Jóns Óskars Haukssonar, vegna þess aukakostnaðar, sem stefndi hafði orðið fyrir vegna Elgo-flotspartilsins. Ljóst þykir, að ekkert

muni koma upp í kröfu þessa úr búi þeirra, en skiptastjóri hefur ekki tekið afstöðu til kröfunnar.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi hafi tekið út vörur og þjónustu hjá sér og verið sendir reikningar á útgáfudegi. Stefndi hafi hins vegar ekki greitt skuld sína þrátt fyrir innheimtutilraunir, og því hafi stefnanda verið nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Um lagarök vísar stefnandi til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m. a. lagastoð í 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 12. gr. sömu laga. Kröfu sína um dráttarvexti, þ. m. t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing vísar stefnandi til 32. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að stefnandi hafi ekki haft næga þekkingu á því efni, sem hann var að selja, hvernig ætti að leggja það, hvort Elgo-grunnurinn stæðist kröfur, hvort óhætt væri að dæla efninu, svo og hafi stefnandi borið ábyrgð á stillingu kvarða, er mældi vatnsmagn á dælu. Allt séu þetta atriði, sem hefðu komið í veg fyrir, að verkið kostaði svo mikið sem raun er á órðin, ef þau hefðu verið í lagi. Stefndi beri í raun ábyrgð á þessum göllum, og þar sem ljóst sé, að skaði stefnda nemi mun hærri fjárhæðum en nemi stefnukröfu máls þessa, sé krafist skuldajafnaðar að því marki, sem henni nemi. Efni það, sem stefnandi seldi, hafi ekki staðist þær kröfur, er hann lofaði, að efnið hefði, til þeirra nota, sem stefndi upplýsti við kaup hans á því.

Þá bendir stefndi á það, að Múrtak sf. hafi unnið mjög mikið við lagningu efna frá Steinprýði hf., einnig með Elgo-flotspartl. Múrtaksmenn hafi upplýst, að stefnandi hafi stillt fyrir þá vatnsmagn inn á dælu þá, sem notuð var við útlagningu efnisins, þar sem eftir ráðleggingum Steinprýði hf. skyldi nota dælu. Stefndi kveður efni þessu aldrei hafa verið dælt áður, en kvarði, er skammtað hafi vatnsmagn inn á dæluna, hafi verið ranglega stilltur af stefnanda miðað við þær niðurstöður, sem lesa megj út úr rannsóknum Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Í rannsókn Iðntæknistofnunar, dagsettri 12. apríl 1995, komi fram, að múrgrunnur sá, sem stefnandi lagði til, hafi reynst ónothæfur, því að niðurstöðurnar sýni, að í sjö af sextán prófunum hafi ílögnin rifnað frá grunnsteypu, og í rann-

sókninni komi hvergi fram, að steypan sjálf hafi slitnað, heldur losnað frá steypunni við grunn undir flögninni.

Stefndi kveður vélar þær, sem hann fékk hjá stefnanda, hafa verið teknar á leigu formlega, en átt að vera framlag stefnanda til að minnka það tjón, sem stefndi hafi þá þegar orðið fyrir vegna þess, hve illa ráðleggingar stefnanda dugðu og þekking hans á efninu takmörkuð.

Fáist skaðabótakrafa hans greidd að hluta með skuldajöfnuði við kröfu stefnanda, lækki sú krafa, sem stefndi muni hafa uppi í sjálfstæðu skaðabótamáli, þegar sýnt verði, hvort og þá hve mikið kemur í hans hlut úr þrotabúi Múrtaksmanna.

Um lagarök vísar stefndi til grunnreglna samninga- og kröfuréttar. Um málskostnað vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 91/1991.

III.

Niðurstaða.

Ágreiningur er með aðilum máls þessa um það, hvort stefnandi beri ábyrgð á því, að niðurlögn gólfefnisins Elgo-iðnaðarflots á gólf í nýbyggingu Rarik á Siglufirði misheppnaðist.

Stefnandi heldur því fram, að efnið hafi verið rannsakað af sinni hálfu og upplýsingar sínar um efnið hafi verið réttar. Hins vegar sýni niðurstöður rannsókna, að of miklu vatni hafi verið blandað saman við efnið, og því hefði niðurlögn efnisins mistekist. Í fram lagðri skýrslu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins frá 15. desember, sem unnin er af Helga Haukssyni verkfræðingi og Gísla Guðmundssyni jarðfræðingi, kemur fram, að ljóst sé, að nánast allt vatn umfram 210 ml í 1 kg þurrefnis (21%) valdi aðskilnaði í efninu, yfirborðið verði veikara og loftbólur aukist. Síðan segir í sömu skýrslu: „Ef myndir af flögnum í borkjörnunum eru bornar saman við myndir af þeim sýnum, sem voru búin til á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins með 23% og 25% vatnsmagni, sést, svo að ekki verður um villst, að þær eru mjög líkar, hvað aðskilnað fínefna og stærri fylliefna varðar. Auk þess er yfirborðsharka þessara sýna ekki ósvipuð, þ. e. frekar lítil. Þau sýni, sem voru búin til með 21% vatnsmagni, eru hins vegar með sáralitlum aðskilnaði, og yfirborðsharka er mun meiri. Niðurstaða þessarar rannsóknar er sú, að meginorsök skemmda á gólfi hússins að Vesturtanga 8-12, Siglufirði, sé sú, að of miklu vatni hafi verið blandað saman við þurrefni flagnarinnar.“

Í niðurstöðu rannsóknar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, dagsettri 26. apríl 1995, sem unnin var af Helga Haukssyni verkfræðingi að ósk stefnda, þar sem rannsókuð voru áhrif dælingar á Elgo-iðnaðarflot og Elgo-flotgólf, kemur fram, að um aðskilnað fínefna í sýnunum skipti engu máli,

hvort þeim hefði verið dælt eða ekki, aðskilnaðurinn hefði verið verulegur í öllum sýnunum. Þá segir, að þessi aðskilnaður komi vel heim og saman við þær rannsóknir, sem hefðu verið gerðar 15. desember 1994, þar sem fram kæmi, að of mikið vatn í þurrefnið olli aðskilnaði í efninu.

Par eð þessi rannsókn var ekki talin svara spurningunni um hugsanleg áhrif dælingar á aðskilnað efnisins, var rannsóknin endurtekin. Við seinni rannsóknina var vatnsmagn samkvæmt kvarða dælnunnar stillt nokkru lægra en áður. Í ljós kom, að ekki var unnt að greina nokkurn mun á sýnum, hvort sem þau höfðu verið tekin fyrir eða eftir dælingu, og aðskilnaður fín efna var í öllum tilfellum óverulegur. Þá varð þess ekki vart, að 3% halli á undirlagi hefði áhrif á aðskilnað efnisins. Niðurstaða seinni rannsóknarinnar var því sú, að dæling efnisins virtist ekki valda aðskilnaði, svo fremi vatnsmagn væri innan hæfilegra marka.

Sigurvin Ægir Sigurvinsson, múrarasveinn og annar eigandi Múrtaks sf., lagði iðnaðarflotið fyrir stefnda samkvæmt ábendingu stefnanda. Af framburði hans og annarra vitna fyrir dóminum verður ekki talið, að hann hafi gert mistök eða sýnt óvönduð vinnubrögð við niðurlagningu efnisins, og verður hann því ekki talinn bera sök á því, að verkið misheppnaðist. Sigurvin Ægir kvaðst hafa notað dælu við blöndunina, en mælt þykkt blöndunnar eftir sjónskyni. Hann kvaðst hafa reynslu af að leggja flotgólf, þótt hann hefði aldrei áður unnið við þetta nýja iðnaðarflot, sem um var að ræða í þessu tilviki. Ekkert er fram komið í málinu um, að hann hafi ekki farið eftir leiðbeiningum framleiðandans um meðferð efnisins.

Hins vegar gætir ósamræmis í leiðbeiningunum, sem lagðar eru fram í tveimur útgáfum. Þar er lögð áhersla á vatnsmagn til blöndunar í prósentustigum, en síðan segir jafnframt í báðum útgáfum leiðbeininganna, að „það, sem mest ríður á, er, að hið lagaða efni sé mátulega þykkt“. Þá er þess að gæta, að litun efnisins var gerð að höfðu samráði við framleiðanda þess, stefnanda þessa máls.

Með vísan til framanritaðs verður efnið Elgo-iðnaðarflot vart talið hafa verið markaðshæft á þeim tíma, sem umþrætt vinna fór fram á Siglufirði. Efnið þoldi engin frávik um vatnsmagn, en leiðbeiningar framleiðandans voru misvísandi að þessu leyti. Þá er ljóst, að ógerlegt er að stilla vatnsmagn í hundradshlutum með þeirri nákvæmni, sem haldið er fram, að þurfi að vera og rannsóknir staðfesta, ef sú aðferð er notuð að dæla efninu. Verður því að fallast á það með stefnda, að efnið hafi verið ónothæft með þeim hætti, sem fyrirhugað hafi verið að nota það, og að það hafi valdið stefnda tjóni.

Að því er varðar skuldajafnaðarkröfu stefnda, verður að fallast á það

með stefnanda, að henni er ábótavant. Hins vegar liggur fyrir töluleg útlistun á tjóni stefnda í fram lagðri kröfulýsingu í þrotabú Múrtaks sf., Jóns Óskars Haukssonar og Sigurvins Ægis Sigurvinssonar. Langflestir liðir kröfulýsingarinnar eru vegna tjóns stefnda af hinu ónothæfa flotefni stefnanda, og verður því talið, að sú útlistun verði lögð til grundvallar skaðabótakröfu stefnda í þessu máli. Verður að öllu þessu virtu að fallast á það með stefnda, að skaðabótakrafa stefnda sé tæk til skuldajafnaðar. Þar sem ljóst er, að skaðabótakrafa stefnda nær fjárhæð kröfu stefnanda, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir niðurstöðu málsins þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda 100.000 kr. í málskostnað.

Arnfríður Einarasdóttir, settur héraðsdómari, ásamt meðdómsmönnum Ragnari Ingimarssyni verkfræðingi og Flosa Ólafssyni múrarameistara, kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Berg hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Steinprýði hf.

Stefnandi greiði stefnda 100.000 kr. í málskostnað.
